

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Sauðhagi 1, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. apríl 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að hluti landbúnaðarsvæðis í landi Sauðhaga 1 breytist í 110 ha svæði fyrir frístundabyggð, 155 ha fyrir blandaða byggð landbúnaðar- og íbúðarsvæðis, 40 ha opið svæði til sérstakra nota auk 1,2 ha verzlunar- og þjónustusvæðis.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. apríl 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007